Könnun mannvistarleifa austan Lækjar

Borkjarnarannsókn sem fram fór í Mæðragarðinum, á túni fyrir framan Menntaskóla Reykjavíkur og Bakarabrekkunni



Lísabet Guðmundsdóttir

Fornleifastofnun Íslands
FS631-16181
Reykjavík 2016

Á forsíðumynd er jarðvegskjarni 2.3 sem borað var fyrir á túninu fyrir framan Menntaskóla Reykjavíkur.
Ljósmynd tók Lísabet Guðmundsdóttir

Fornleifastofnun Íslands
Bárugötu 3
101 Reykjavík
Sími: 551 1033
Fax: 551 1047
Netfang: fsi@instarch.is
Heimasíða: www.instarch.is

Efnisyfirlit

Inngangur **4**

Markmið og aðferðafræði **5**

Bakarabrekkan **6**

Tún við Menntaskólann í Reykjavík **7**

Umræða **12**

Mæðragarðurinn **13**

Niðurstöður **15**


Frekari rannsóknir **15**

Heimildaskrá **17**

Viðauki 1 - Ljósmyndaskrá **18**

Inngangur


Árið 2015 fór fram fornleifarannsókn á lóð Lækjargötu 10-12 sem leiddi í ljós skála frá 10. til 11. öld. Fundur skálans breytti fyrri hugmyndum manna um landnámsbyggð í Reykjavík sem talin var vera við brekkurætur kvosarinnar að vestanverðu. Byggðarkjarni elstu byggðar í Reykjavík var mun víðfeðmari en áður var talið og því tími til kominn að kanna frekar þau svæði í kvosinni sem enn eru að mestu óröskuð. Árið 2016 fékk höfundur styrk frá Fornminjasjóð til þess að kanna með jarðvegsbor óbyggð svæði í austanverðri Lækjargötu. Rannsóknin er hluti af stærra verkefni sem felst í því að kanna frekar byggð í Reykjavík frá landnámi og fram á miðaldir. Fyrsti hluti verkefnisins felst í því að kanna með jarðvegsbor hvort mannvistarleifar leynast undir sverði á óbyggðum svæðum kvosarinnar. Jarðvegsborinn veldur afar litlu raski bæði á minjum og umhverfi og er því hentugt tæki til þess að fá vitneskju um hvar mannvistarleifar eru enn varðveittar og hvar ekki. Í þessari rannsókn afmarkaðist rannsóknarsvæðið af Mæðragarðinum í suðri, túni fyrir framan Menntaskóla Reykjavíkur og hentug svæði við Bakarabrekkuna í norðri. Rannsókn fór fram dagana 21. til 23. júní og 18. ágúst og var unnin af fornleifafræðingunum Lísubet Guðmundsdóttir og Nicola Trbojevic, Lísabet Guðmundsdóttir sá um úrvinnslu og skýrsluskrif. Rannsóknarnúmer er 201606-0027.



Mynd 1 - Lækjargata horft til norðurs. Myndin er tekin í kringum 1902 og sést maður við Skálholtskotslindina þar sem nú er Mæðragarðurinn. Á myndinni sést hvernig umhorfs var á rannsóknarsvæðinu árið 1902 og hve miklum breytingum það hefur tekið á síðast

Markmið og aðferðafræði

Markmið borkjarnarannsóknarinnar var að kanna hvort áður óþekktar minjar kunni að leynast á óbyggðum svæðum austan Lækjar. Við rannsóknina var notast við jarðvegsbor og var borinn sjálfur 2,5 cm í þvermál. Svæðunum var skipt niður í 5 x 5 m reiti og borkjarni tekinn í horni hvers reits. Ekki var alltaf hægt að fylgja reitunum til fulls vegna lagna og leiðslna undir jörðu og var því hnikað frá kerfinu til að forðast lagnir. Hver borkjarni fékk númer, til að mynda fékk fyrsti kjarninn númerið 1.1, kjarni númer tvö 1.2, kjarnarnir voru teknir í línu frá austri til vesturs, þegar búið var að taka alla borkjarnana í fyrstu línu var farið aftur á byrjunarreit og mælt 5 m til norðurs og fékk fyrsti kjarninn í þeirri röð númerið 2.1 og svo koll af kolli. Þetta kerfi virkaði vel á túninu fyrir framan Menntaskólann Í Reykjavík en í Mæðragarðinum var ekki hægt að vegna lagna undir jörðu, beða og gangstíga. Hið sama mátti segja um Bakarabrekkuna en það var reynt eftir besta mætti. Borað var niður á óhreyfðan jarðveg þegar hægt var. Hins vegar var jarðvegur afar mismunandi og því reyndist til að mynda ekki unnt að bora niður fyrir malarlög og þétt leirlög. Hver borkjarni var mældur upp með GPS tæki í Isnet 93 kerfið. Hver borkjarni var hreinsaður með múrskeið, hann ljósmyndaður og jarðlögum líst og þau teiknuð á þar til gerð eyðublöð. Gjóskulög voru notuð til aldursgreiningar.




Mynd 2 - Kort af eystri hluta kvosarinnar, rannsóknarsvæðið er innan upplýsta reitsins.

Bakarabrekkan



Mynd 3 - Það svæði Bakarabrekkunnar sem rannsakað var.

Bakarabrekkan afmarkast af Bankastræti í norðri, Lækjargötu í vestri, Bernhöftstorfuhúsunum í austri og Amtmannsstíg í suðri. Svæðið hefur tekið talsverðum breytingum á 20. öldinni. Í dag er svæðið að stórum hluta hellulagt og víða tré og annar gróður í beðum. Efst í Bakarabrekkunni, á litlum stalli eru Bernhöftstorfuhúsin. Fyrir neðan húsin er lítil brött brekka en svo hefur túnið legið í litlum halla niður að Læk. Upphaflega var Bakarabrekkan hluti af Stöðlakotstúni.[1]Hægt var að bora í afar fá svæði í Bakarabrekkunni vegna lagna, gróðurs og hellulagna. Syðst í brekkunni er svæði sem gerð var tilraun til þess að bora í. Borað var fyrir 10 jarðvegskjörnum. Við brekkuræturnar var lítill jarðvegur eingöngu um 10-12 cm af fokmold sem náði niður á malarlag. Þegar vestar dró þykknaði jarðvegurinn og þunn mannvistarlög komu í í ljós. Þau samanstóðu aðallega af dökkum lífrænum lögum með torfsneplum. Syðst í brekkunni urðu mannvistarlögin greinilegri þrátt fyrir að vera röskuð. Í einum kjarna, kjarna 16.1-5 fannst torf sem hugsanlega hafði að geyma landnámsgjóskuna. Sá kjarni var




Mynd 4 - Á kortinu má sjá staðsetningu borkjarna í sem borað var fyrir í Bakarabrekkunni.

[1] Guðný Gerður Gunnarsdóttir, Hjörleifur Stefánsson. 1987. bls. 235, Páll Líndal. 1988. bls. 93

syðst í brekkunni ekki langt frá hellulögðum vegg sem skilur gangstétt Lækjargötu frá Bakarabrekkunni. Torfið er hreyft en það gæti þó bent til þess að í næsta nágrenni sé gamalt mannvirki. Hins vegar er má sjá á ljósmyndum frá breikkun Lækjargötu frá 5. áratug síðustu aldar að túnið varð fyrir miklu raski þegar á þeirri framkvæmd stóð.[2] Það verður því að taka niðurstöðum þessarar rannsóknar með ákveðnum fyrirvara.

Tún við Menntaskólann í Reykjavík

Tún Menntaskólans í Reykjavík afmarkast af Amtmannsstíg í norðri, Lækjargötu í vestri, Bókhlöðustíg í suðri og húsnæði Menntaskólans í austri. Svæðið er gengt Lækjargötu 12 þar sem skáli var grafinn upp árið 2015. Menntaskólatúnið tilheyrði áður Stöðlakoti sem var ein af hjáleigum Víkur. Ekki er vitað hvenær byggð hófst þar en talið líklegt að það hafi verið um 1600.[3] Áður en rannsókn hófst var túninu skipt niður í 5x5 m reiti og borað var í horni hvers reits. Byrjað var að bora í suðausturhorni túnsins rétt fyrir neðan Íþöku og borað svo niður eftir túninu frá austri til vesturs á 5 m fresti. Þegar búið var að bora niður eftir túninu var byrjað á nýrri línu sem var 5 m norðan við fyrstu borkjarnalínuna, með þeim hætti var borað í gegnum allt túnið. Ekki var borað í beð né í svæði sem voru hellulögð. Í heild var borað fyrir 85 jarðvegskjörnum og var reynt að bora niður á óhreyfðan jarðveg sem á þessu svæði er annaðhvort malarkambur eða klöpp.



Mynd 5 - Kort af rannsóknarsvæðinu fyrir framan Menntaskólann í Reykjavík.

[2] Bragi Bergsson. 2014. bls.191. Sjá einnig myndir hjá Ljósmyndasafni Reykjavíkur eftir Sigurhans Vigni og Carl Christian Nielsen
[3] Páll Líndal. 1988. bls. 93

Lína 1

Fyrsti kjarninn var boraður í suðuausturhorni túnsins um 5 m vestan við suðvesturhorn Íþöku. Kjarninn fékk númerið 1.1 og var hann 70 cm þykkur, þ.e.a.s. það voru 70 cm niður á möl/klöpp. Í fyrstu 20 cm var yfirborðslag og fokmold. Undir því lagi var ruslalag, efst í því lagi voru múrsteinabrot, kol, móaska ásamt dökku lagi með stein- og viðarkolum sem náði niður á botn. Þessi lög eru að öllum líkindum frá 19. öld. Borkjarni 1.2 er 70 cm þykkur, í fyrstu 35 cm var yfirborðslag og fokmold. Undir þeim lögum var ruslalag, dökkt og lífrænt með brenndum beinum, stein- og viðarkolum, náði það lag niður á möl/klöpp. Kjarni 1.3 og 1.4 voru áþekkir kjarna 1.2 nema að ruslalagið náði niður á 50 cm. Kjarni 1.5 var 50 cm á þykkt og í honum var eingöngu fokmold og kolasalli. Neðst var grófur sandur og var ekki hægt að bora í gegnum hann. Kjarni 1.6 var 50 cm þykkur, yfirborðslag og fokmold voru í fyrstu 15 cm, undir fokmoldinni var blandað torflag ásamt kolum og var það um 15 cm á þykkt. Undir torfinu var fokmold og sandur sem náði niður á möl/klöpp. Kjarni 1.7 var 30 cm á þykkt var eingöngu fokmold í kjarnanum.

Lína 2

Lína 2 er 5 m norðan við línu 1 og var farið eins að, fyrsti kjarninn fékk númerið 2.1 og svo hlaupandi númer til vesturs. Fyrsti kjarninn var áþekkur fyrstu kjörnunum í línu 1. Kjarni 2.1 var 28 cm á þykkt, ekki var hægt að fara neðar vegna þess að borinn lenti á stein. Efst var yfirborðslag og svo blandað ruslalag niður á stein. Í ruslalaginu voru múrsteinabrot og kol. Kjarni 2.2 var 50 cm á þykkt, í fyrstu 32 cm var yfirborðslag ásamt fokmold með sandlinsum. Undir því lagi niður á 45 cm var torflag, appelsínugult, brúnt og grænt á litinn. Undir því lagi var fokmold með kolasalla sem náði niður á möl/klöpp. Kjarni 2.3 var 62 cm á þykkt, efst var yfirborðslag og fokmold og voru lögin 36 cm á þykkt. Þar fyrir neðan var dökkt torf, brúnt og appelsíngult, á einum stað var grágrænt lag sem kann að vera gjóska. Í torfinu er miðaldarlagið, sem er grátt gjóskulag frá 1226, torfið náði niður á möl/klöpp. Í Kjarna 2.4 fannst einnig álíka torf og í kjarna 2.3 en í kringum 18 cm dýpt var svart fínt gjóskulag sem er gjóska úr Kötlu frá því um 1500. Undir henni var blandað torf og sandlinsur en í kringum 45-60 cm dýpt var torflag með slitrum af 1226 gjóskunni.



Mynd 6 - Borkjarni 2.3, neðst í kjarnanum eru torflag ásamt 1226 gjóskulaginu.

Kjarni 2.5 var einn dýpsti borkjarninn sem náðist á þessu svæði og var hann um 90 cm. Í honum var talsvert af torfi líkt og í fyrrnefndum kjörnum en þar fannst einnig smá gjall og kol. Í kjarna 2.6 var fokmold með kolasalla og undir fokmoldinni var blandað torf, svipað torfinu í fyrrnefndum kjörnum. ásamt kolasalla.

Lína 3

Í kjarna 3.1 var nánast eingöngu fokmold með kolasalla fyrir utan síðustu 17 cm. Þar var eingöngu fokmold niður á möl. Í allt var kjarninn um 58 cm. Í Kjarna 3.2 var brúnt lag, laust í sér niður á 32 cm. Frá 32 cm til 45 cm var ruslalag, móaska, kol, brennd bein. Í kjarna 3.3 til 3.7 voru aðallega fokmoldarlög eða kolasalli og inn á milli torfslitrur á bilinu 35-45 cm. Flestir kjarnarnir voru um 35 cm langir.

Lína 4

Kjarni 4.1 var 35 cm á þykkt og var nánast eingöngu sendin fokmold í kjarnanum. Kjarni 4.2 var um 35 cm á þykkt, í kringum 10 cm var Katla 1500, svört, afar fín gjóska. Þar fyrir neðan var fokmold ásamt kolasalla, niður á 20 cm. Við tók um 7 cm þykkt móöskulag og þar undir gulbrúnt sendið silt lag sem náði niður sandlag sem ekki var hægt að bora í gegnum og var borinn þá líklega komin niður á óhreyfðan jarðveg. Kjarni 4.3 var um 50 cm á þykkt, fokmold náði niður á 32 cm, undir fokmoldinni var um 10 cm þykkt ruslalag, aðallega kol, móaska og brennd bein. Undir því lagi var fokmold sem náði niður á malarlag. Í kjarna 4.4, 4.5, og 4.6 var eingöngu fokmold með kolasalla. Kjarnarnir voru frá 25 til 30 cm á þykkt. Kjarni 4.7 var álíka og fyrrnefndu kjarnar að öllu leyti fyrir utan þunnt torflag var í 12-14 cm dýpt.



Mynd 7 - Borkjarni 4.2, á myndinni sést Kötlu 1500 gjóskulagið og neðst í kjarnanum eru kol.

Lína 5

Kjarnar 5.1- 5.4 voru mest 30 cm á þykkt og var eingöngu fokmold í þeim. Í kjarna 5.5 var fokmold niður á 20 cm og torfblandað lag með kolasalla niður á 33 cm. Kjarni 5.6 var 34 cm þykkur, frá 10-12 cm er gulleitt torflag undir því er fokmold niður á möl. Kjarni 5.7 var 30 cm þykkur, frá 0-15 cm var yfirborðs/fokmold og frá 15-30 cm var fokmold ásamt viðar- og steinkolum.

Lína 6

Kjarni 6.1 var 35 cm þykkur, frá 0-20 cm er fokmold og yfirborðslag, frá 20-35 cm var torfblandað fokmoldarlag. Kjarnar 6.2-6.5 voru grunnir, frá 13 cm til 23 cm á þykkt. Í þeim var fokmold með kolasalla. Í kjarna 6.5 er kolalag í botni kjarnans, Hann nær þó mjög grunnt, eða ekki nema 13 cm. Í kjarna 6.6 var torfblandað lag frá 10 cm til 20 cm. Þar undir var sandlag með kolum og fokmold sem nær niður á óhreyfðan jarðveg í 30 cm. Kjarni 6.7 var 27 cm á dýpt og var aðallega fokmold í honum fyrir utan síðustu 4 cm þar sem var blandað torflag.



Mynd 8 - Borkjarni 7.5, eins og sést var afar stutt niður á möl/klöpp og var eingöngu fokmold í kjarnanum.

Lína 7

Kjarnarnir í línu 7 voru grunnir frá 12 cm til 22 cm og eru nánast eingöngu fokmold í þeim öllum. Mjög grunnt er niður á malarlag.

Lína 8

Kjarni 8.1 var 43 cm þykkur frá 0-12 cm var yfirborðslag og fokmold. Frá 12-32 cm var blönduð fokmold ásamt viðar- og steinkolum og ösku. Undir því lagi var rauðbrún fokmold, sendin silt sem náði niður á möl. Í kjörnum 8.2-8.6 var nánast engin mannvistarlög, eingöngu fokmold og var lítill jarðvegur á þessu svæði, rétt um 10-15 cm.

Lína 9

Kjarni 9.1 var 28 cm á þykkt, frá 0-15 cm var yfirborðslag og fokmold, í 15-12 cm var fokmold ásamt gulum og rauðum torfsneplum. Neðst var kolablandað sandlag. Kjarnar 9.2 - 9.5 voru 12-20 cm á þykkt og eru engin mannvistarlög í kjörnunum, eingöngu fokmold. Kjarni 9.6 er aðeins dýpri en fyrri kjarnar, 33 cm og eru torfsneplar og sandur í fokmoldinni niður á botn.

Lína 10

Í kjörnum 10.1 - 10.6 eru engin mannvistarlög, eingöngu fokmold. Misdjúpt er niður á möl/klöpp, frá 10 cm til 38 cm.

Lína 11

Í kjörnum 11.1 - 11.5 eru engin mannvistarlög, eingöngu fokmold. Stutt er niður á möl/klöpp um 20 cm.

Lína 12

Kjarni 12.1 var 40 cm þykkur, frá 0-12 cm var yfirborðslag og fokmold. Undir því lagi var fokmold með torfsneplum niður á 37 cm og þar undir er hrein fokmold sem liggur ofan möl/klöpp. Kjarni 12.2 var 70 cm þykkur og náði niður á möl/klöpp. Frá 0-22 cm var yfirborðslag og fokmold. Undir því var Dökkt torf, gulbrúnt og grátt, leirríkt og náði það torf niður á möl/klöpp. Engin gjóskulög voru varðveitt í kjarnanum svo ekki er vitað frá hvaða tímabili torfið er. Kjarni 12.3 er áþekkur kjarna 12.2 hann náði niður á 68 cm dýpt, efst var yfirborðslag niður á 12 cm, fyrir neðan það var



Mynd 9 - Borkjarni 12.4, í kjarnanum er þykkt torflag með 1226 slitrum.

torfblandað lag niður á 22 cm. Undir því var Dökkt torflag, afar lífrænt, í því fannst lítið glerbrot. Neðst í kjarnanum, frá 57-68 cm var dökkbrúnt, lífrænt lag sem líktist hvað helst taði. Það gæti bent til þess að þarna hafi verið útihús en einnig er möguleiki að borið hafi verið á túnið. Ekki var hægt að aldursgreina jarðlögin í kjarnanum. Kjarni 12.4 var 55 cm á dýpt. Fyrstu 10 cm var yfirborðslag en frá 10-22 cm var sendin fokmold. Undir fokmoldinni var 10 cm þykkt sendið torfblandað lag. Undir því var 20 cm þykkt brún-gult og appelsínugult torflag með 1226 gjóskunni í, náði það lag niður á möl/klöpp. Kjarni 12.5 er 25 cm þykkur, náði yfirborðslagið niður á 16 cm og undir því var ljóst torf og fokmold sem náði niður möl/klöpp.

Lína 13

Kjarni 13.1 var 40 cm þykkur yfirborðslagið var 13 cm þykkt og undir því var svört afar fín gjóska sem er talin vera Katla 1500 gjóskan. Undir gjóskunni var gulbrúnt og rautt torf og nær það niður á möl/klöpp. Kjarni 13.2 var 40 cm á þykkur líkt og kjarni 13.1, yfirborðslagið er 12 cm á þykkt, undir því var 10 cm af fokmold sem lá ofan á brún-fjólubláu og rauðu torfi. Undir því í 26-28 cm var Katla 1500 gjóska. Undir gjóskunni er blandað dökkt torf sem náði niður á möl/klöpp. Kjarni 13.3 er 32 cm þykkur, efst í kjarnanum var yfirborðslag og fokmold, undir því er torfblandað lag ásamt fokmold sem er 12 cm á þykkt og nær það lag niður möl/klöpp. Kjarnar 13.4 og 13.5 voru báðir um 30 cm á þykkt og var þar nánast eingöngu fokmold þó eru smá torfsneplar í kjarna 13.4.


Lína 14

Kjarnar 14.1- 14.5 eru ofar í brekkunni, á sama stall og hús Menntaskólans í Reykjavík. Kjarni 14.1 var norðan við Menntaskólabygginguna á grasi grónum blett á milli stéttar umhverfis húsið og bílastæðis við Amtmannsstíg. Kjarninn var 60 cm þykkur og fundust í honum fokmold niður að 30 cm dýpt, þar undir var fokmold ásamt rauðbrúnum sandi niður að 60 cm en í síðustu 8 cm voru kol í fokmoldinni.

Kjarni 14.2 er vestan við kjarna 14.1 og var 44 cm á þykkt, þar fannst eingöngu fokmold og engin mannvistarlög. Hið sama má segja um kjarna 14.3 en dýpt var minni ekki nema 25 cm. Kjarni 14.4 var 40 cm á dýpt, efst var yfirborðslag og sendin fokmold niður að 28 cm. Þar undir var ruslalag, aska, brennd bein og kol. Náði það lag niður á möl/klöpp. Kjarni 14.5 er síðasti kjarninn sem borað var fyrir á túninu, hann var 20 cm á þykkt og var 20 cm þykkt fokmoldarlag efst, undir því var 2 cm ruslalag með glerbrotum og steinkolum.

Umræða

Líkt og áður hefur komið fram var borað kerfisbundið í túnið fyrir framan Menntaskóla Reykjavíkur. Samkvæmt rituðum heimildum var ekki byggt á þessu túni fyrr en hús Lærða Skólans var reist þar á árunum 1844-46.[4] Var þar áður tún Stöðlakots sem var hjáleiga frá bænum í Vík. Í heild var borað fyrir 85 jarðvegskjörnum. Niðurstaða rannsóknarinnar leiddi í ljós að í suðurhluta túnsins við



Mynd 10 - Teikning af túninu fyrir framan MR. Niðurstöður borkjarnarannsóknarinnar hefur verið sett fram á lituðu svæðunum. Ruslalög eru blá og eru aðallega ofarlega í túninu. Syðst og nyrst eru mögulega byggingarleifar eða byggingarleifar eru nálægt.

Bókhlöðustíg kann að hafa verið mannvirki. Á því svæði fannst torf og var 1226 gjóskulagið í torfinu. Það bendir til þess að ef um mannvirki er að ræða þá hefur það verið reist eftir að gjóskulagið frá 1226 var reist. Í einum kjarna fannst Kötlu 1500 gjóskan yfir torfi með 1226 gjóskulaginu í. Á þessu svæði kann að hafa verið mannvirki sem var í notkun eftir að gjóskulagið frá árinu 1226 féll en hætt var að nota það áður en gjóskan féll árið 1500. Þessi mannvist gæti tengst Stöðlakoti og þar af leiðandi bent til þess að Stöðlakot sé eldri bær en áður var talið. Í suðausturhorni túnsins og rétt fyrir neðan stallinn sem MR stendur á eru þunn ruslalög með steinkolum, móösku og múrsteinabrotum sem eru að öllum líkindum frá upphafsárum skólans og Íþöku, þ.e.a.s. frá seinni hluta 19. aldar. Stór hluti túnsins virðist áður hafa verið blásið land. Mjög stutt er niður á möl/klöpp og er nánast eingöngu fokmold á því svæði. Þegar norðar dregur við


[4] Guðný Gerður Gunnarsdóttir, Hjörleifur Stefánsson. 1987. bls. 238-239



Mynd 11 - Nyrðri hluti Mæðragarðsins.

Amtmannsstíg eykst mannvist og er víða torf á því svæði. Ekki var hægt að aldursgreina torfið vegna skorts á gjóskulögum en í einum kjarna fannst torf með 1226 gjóskunni í og í öðrum fannst torf bæði yfir og undir 1500 gjóskunni. Þau svæði á MR túninu sem vert væri að rannsaka frekar er syðsti og nyrsti hluti þess. Borkjarnarnir gefa vissa hugmynd hvar mannvistarlögin eru að finna og ef gjóskulög eru varðveitt hver aldur þeirra er. Könnunarskurðir myndu staðfesta með frekari vissu umfang og eðli minjanna. Borkjarnarannsóknin hefur sýnt fram á að mannvistarleifar eru á túninu fyrir framan Menntaskóla Reykjavíkur og hvar svæðin eru þar sem búast má við minjum. Rannsóknin hefur einnig sýnt fram á að svæðið hafi á einhverjum tímapunkti verið uppblásið.

Mæðragarðurinn



Mynd 12 - Staðsetning Borkjarna í Mæðragarði

Mæðragarðurinn afmarkast af Lækjargötu í vestri, Bókhlöðustíg í norðri, Miðbæjarskólans í suðri og lóða sem tilheyra Laufásvegi í austri. Garðurinn er gegnt Lækjargötu 14A, 14B og sunnanverðri lóð Lækjargötu 12 þar sem umfangsmiklar minjar hafa fundist frá 10. til 11. öld. Mæðragarðurinn var gerður árið 1925 úr túnskika sem áður tilheyrði Skálholtskoti. Skálholtskot var hjáleiga Víkurbæjarins og stóð við núverandi laufásveg á milli húsa 13 og 17.[5] Í túninu var vatnslind sem kallaðist Skálholtskotslind, var lindin þar sem nú er styttan Móðurást eftir Nínu Sæmundson. Vatnið

[5] Páll V. Bjarnason, Helga Maureen Gylfadóttir. 2004. bls. 5

úr lindinni var talið heilnæmara en vatn úr öðrum brunnum bæjarins. Hins vegar bendir Knud Zimsen á að vatnið úr lindinni væri ekki tært og þyrfti að sía það í gegnum léreft. Einnig kom fyrir að flær kæmust í lindina að vetrarlagi.[6] Ekki er vitað hvort lindin hafi verið á þessum stað við landnám en það hefur verið afar hentugt fyrir íbúa skálans við Lækjargötu að hafa aðgang að vatni svo skammt frá.

Í allt voru 9 borkjarnar boraðir í Mæðragarðinum. Borað var á grasi vöxnum svæðum, það er að segja á svæðum þar sem ekki voru beð og þar sem engar lagnir lágu undir jörðu. Nyrst á svæðinu gengt Lækjargötu 12 var borað fyrir fjórum jarðvegskjörnum og var reynt að bora niður á óhreyfðan jarðveg. Þar fundust lítil ummerki um mannvist þó voru þar litlir torfsneplar ásamt afar dökkum lífrænum jarðvegi. Ekki var hægt að aldursgreina lögin í kjarnanum vegna skorts á gjóskulögum. Líklega hefur þetta svæði ávallt verið tún og þá frekar blautt. Að sunnanverðu er afmarkað svæði þar sem fannst talsvert af torfblönduðum sendnum jarðveg ásamt ruslalagi og móöskulagi. Borað var mest niður um 45 cm en mannvistarlögin kunna að liggja dýpra en ekki reyndist það hægt vegna þess hve stífur jarðvegurinn var. Mannvistarlög eru að finna í sunnanverðum garðinum en þau þyrfti að kanna frekar með könnunarskurðum.



Mynd 11 - Syðri hluti Mæðragarðsins.

[6] Knud Zimzen. 1952. bls. 73

Niðurstöður

Upphaf verkefnisins má rekja til rannsóknar sem átti sér stað á lóð Lækjargötu 10-12, þar komu í ljós mannvirki frá 10. til 11. öld ásamt yngri minjum. Sá fundur leiddi til þess að endurhugsa þarf búsetumynstur Reykvíkinga á fyrstu öldum Íslandsbyggðar og þar með gera ráð fyrir að búseta gæti leynst mun víðar en áður hefur verið talið. Rannsókn þessi fólst í því að kanna óbyggð svæði í Kvosinni og holtunum að austan og vestanverðu. í þessum fyrsta hluta verkefnisins voru svæði könnuð austan Lækjar.

Rannsóknarsvæðið afmarkast af Mæðragarðinum, túninu fyrir framan Menntaskóla Reykjavíkur og syðsta hluta Bakarabrekkunnar. Jarðvegsbor var notaður til þess að bora fyrir jarðvegskjörnum sem gefa til kynna hvort mannvist sé að finna undir sverði. Í flestum kjörnum var mannvist að finna en hún var mismikil. í Bakarabrekkunni var lítið um mannvist að austanverðu en að vestanverðu voru torflög sem innihéldu mögulega landnámslagið. Hins vegar ber að taka þær niðurstöður með varúð þar sem miklar framkvæmdir áttu sér stað við breikkun Lækjargötu árið 1949 sem kann að hafa raskað svæðinu alfarið. Í túninu fyrir framan MR fundust tvö svæði þar sem mannvirki kunna að hafa verið. Í norðurenda voru torfrík lög sem hægt var að aldursgreina bæði fyrir og eftir 1500. Að sunnanverðu voru einnig torfrík lög með 1226 gjóskunni í torfi og í einum kjarna var 1500 gjóskan yfir torfinu. Bæjarstæði Stöðlakots er í um 50 m fjarlægð frá þessum mannvistarleifum og þær gætu bent til þess að hjáleigan sé eldri en áður var talið, það er að segja ef þessi mannvistarlög tengjast kotinu. Það væri verðugt rannsóknarefni að aldursgreina hjáleigur Víkur og kanna hvort hægt sé að rekja aldur þeirra til miðalda.

Í Mæðragarðinum hefur að öllum líkindum verið blautt tún og fundust ekki ummerki um byggð á því svæði. Hins vegar voru ruslalög í suðurenda garðsins sem ekki var hægt að aldursgreina auk þess var ekki í öllum tilfellum hægt að bora niður á óhreyfðan jarðveg. Í miðjum garði var áður Skálholtslind ekki er vitað hvort hún hafi verið þar frá landnámi, ef svo hefur verið þá kann staðsetning lindarinnar haft með það að gera hvar skálanum var valinn staður.

Þessi rannsókn gefur til kynna hvar áður óþekkt mannvist og mannvirki eru að finna austan Lækjar. Auk þess gefur hún vissa hugmynd um hvernig umhverfið hefur breyst í gegnum tíðina. Þar með hefur verið sýnt fram á að vert er að kanna fleiri svæði í Miðbæ Reykjavíkur með þessari aðferð.

Frekari rannsóknir

Búsetuþróun á landnámsöld var með öðrum hætti í Reykjavík en annarsstaðar á landinu. Þrátt fyrir fjölda fornleifarannsókna á tiltölulega litlu svæði er lítið vitað um þessa byggð, hvernig hún var frábrugðin öðrum stöðum á landinu og af hverju. Þeim spurningum er ekki hægt svara nema setja þær minjar sem hafa verið rannsakaðar í samhengi og skoða svæðið sem eina heild. Þar að auki fara kerfisbundið í gegnum þau fáu óbyggð svæði sem enn eru í miðbæ Reykjavíkur. Fyrsti hluti

rannsóknar felst í að bora með jarðvegsbor á óbyggðum svæðum, þar með fást grunnupplýsingar um hversu víðfeðm byggð var í miðbæ Reykjavíkur og þrengir svæðin niður sem vert væri að rannsaka frekar, annaðhvort með könnunarskurðum eða fullnaðar fornleifauppgreftri. Niðurstöður þessarar rannsóknar hafa sýnt fram á gagnsemi þess að nota jarðvegsbor. Næstu skref rannsóknarinnar gætu því verið að kanna fleiri órannsökuð svæði. Til að mynda lóð Stjórnarráðs og hluta Arnarhóls, Austurvöll, garða við Suðurgötu og Landakotstún ásamt því að kanna frekar aldur hjáleiga Víkur og Arnarhóls.

Heimildaskrá

Bragi Bergsson. 2014. *Almenningsgarðar í Reykjavík*. Minjasafn Reykjavíkur. Reykjavík.

Guðný Gerður Gunnarsdóttir, Hjörleifur Stefánsson. 1987. Kvosin. Byggingarsaga miðbæjar Reykjavíkur. Torfusamtökin. Reykjavík.

Knud Zimsen. 1952. *Úr bæ í borg. Nokkrar endurminningar Knud Zimsens fyrrverandi borgarstjóra um þróun Reykjavíkur*. Lúðvík Kristjánsson færði í letur. Helgafell. Reykjavík.

Páll V. Bjarnason, Helga Maureen Gylfadóttir. 2004. *Húsakönnun. Mæðragarðurinn og Tjörnin í Reykjavík. Bókhlöðustígur - Laufásvegur - Skálholtsstígur - Fríkirkjuvegur - Skothúsvegur - Tjarnargata - Vonarstræti - Lækjargata.* Minjasafn Reykjavíkur. Reykjavík.

Páll Líndal. 1988. Reykjavík. Sögustaður við Sund. 3. bindi. Ritstj. Einar S. Arnalds. Bókaútgáfa Örn og Örlygur HF. Reykjavík.

Viðauki 1 - Ljósmyndaskrá

Ljósmyndaskrá - Lækjargata

Rammi	Svæði	Átt	Lýsing og frekari upplýsingar	Dagsetning	Ljósmyndari
IMG_2583	MR		Borkjarni 1.1	21.06.16	LG
IMG_2584	MR		Borkjarni 1.1	21.06.16	LG
IMG_2585	MR		Borkjarni 1.1	21.06.16	LG
IMG_2586	MR		Borkjarni 1.2	21.06.16	LG
IMG_2587	MR		Borkjarni 1.2	21.06.16	LG
DSC-01219	MR		Borkjarni 1.3	21.06.16	LG
DSC-01220	MR		Borkjarni 1.3	21.06.16	LG
DSC-01221	MR		Borkjarni 1.3	21.06.16	LG
DSC-1222	MR		Borkjarni 1.4	21.06.16	LG
DSC-1223	MR		Borkjarni 1.4	21.06.16	LG
DSC-1224	MR		Borkjarni 1.4	21.06.16	LG
DSC-1225	MR		Borkjarni 1.5	21.06.16	LG
DSC-1226	MR		Nikola og borinn á MR túninu	21.06.16	LG
DSC-1227	MR		Borkjarni 1.6	21.06.16	LG
DSC-1228	MR		Borkjarni 1.6	21.06.16	LG
DSC-1229	MR		Borkjarni 1.6	21.06.16	LG
DSC-1230	MR		Borkjarni 1.7	21.06.16	LG
DSC-1231	MR		Borkjarni 2.1	21.06.16	LG
DSC-1232	MR		Borkjarni 2.2	21.06.16	LG
DSC-1233	MR		Borkjarni 2.2	21.06.16	LG
DSC-1234	MR		Borkjarni 2.2	21.06.16	LG
DSC-1235	MR		Borkjarni 2.3, vel varðveitt torf með 1226 gjóskunni	21.06.16	LG
DSC-1236	MR		Borkjarni 2.3, vel varðveitt torf með 1226 gjóskunni	21.06.16	LG
DSC-1237	MR		Borkjarni 2.3, vel varðveitt torf með 1226 gjóskunni	21.06.16	LG
DSC-1238	MR		Borkjarni 2.3, vel varðveitt torf með 1226 gjóskunni	21.06.16	LG
DSC-1239	MR		Borkjarni 2.3, vel varðveitt torf með 1226 gjóskunni	21.06.16	LG
DSC-1240	MR		Borkjarni 2.4, torf í kjarna	21.06.16	LG

DSC-1241	MR		Borkjarni 2.4, torf í kjarna	21.06.16	LG
DSC-1242	MR		Borkjarni 2.4, torf í kjarna	21.06.16	LG
DSC-1243	MR		Borkjarni 2.4, torf í kjarna	21.06.16	LG
DSC-1244	MR		Borkjarni 2.4, torf í kjarna	21.06.16	LG
DSC-1245	MR		Borkjarni 2.5, torf í kjarna	21.06.16	LG
DSC-1246	MR		Borkjarni 2.5, torf í kjarna	21.06.16	LG
DSC-1247	MR		Borkjarni 2.5, torf í kjarna	21.06.16	LG
DSC-1248	MR		Borkjarni 2.5, torf í kjarna	21.06.16	LG
DSC-1249	MR		Borkjarni 2.5, torf í kjarna	21.06.16	LG
DSC-1250	MR		Borkjarni 2.5, torf í kjarna	21.06.16	LG
DSC-1251	MR		Borkjarni 2.6	21.06.16	LG
DSC-1252	MR		Borkjarni 2.6	21.06.16	LG
DSC-1253	MR		Borkjarni 2.6	21.06.16	LG
DSC-1254	MR		Borkjarni 3.1	21.06.16	LG
DSC-1255	MR		Borkjarni 3.1	21.06.16	LG
DSC-1256	MR		Borkjarni 3.2	21.06.16	LG
DSC-1257	MR		Borkjarni 3.2	21.06.16	LG
DSC-1258	MR		Borkjarni 3.2, nærmynd af kolum, ösku og brenndum beinum	21.06.16	LG
DSC-1259	MR		Borkjarni 3.3	21.06.16	LG
DSC-1260	MR		Borkjarni 3.3	21.06.16	LG
DSC-1261	MR		Borkjarni 3.3	21.06.16	LG
DSC-1262	MR		Borkjarni 3.4	21.06.16	LG
DSC-1263	MR		Borkjarni 3.4	21.06.16	LG
DSC-1264	MR		Borkjarni 3.4	21.06.16	LG
DSC-1265	MR		Borkjarni 3.5	21.06.16	LG
DSC-1266	MR		Borkjarni 3.5	21.06.16	LG
DSC-1267	MR		Borkjarni 3.6	21.06.16	LG
DSC-1268	MR		Borkjarni 3.7	21.06.16	LG
DSC-1269	MR		Borkjarni 3.7	21.06.16	LG
DSC-1270	MR		Borkjarni 4.1	21.06.16	LG
DSC-1271	MR		Borkjarni 4.1	21.06.16	LG
DSC-1272	MR		Borkjarni 4.2	21.06.16	LG

DSC-1273	MR		Borkjarni 4.2, nærmynd af kolum í kjarna	21.06.16	LG
DSC-1274	MR		Borkjarni 4.2, nærmynd af gjósku, Katla 1500	21.06.16	LG
DSC-1275	MR		Borkjarni 4.2	21.06.16	LG
DSC-1276	MR		Borkjarni 4.3, móaska og kol neðarlega í kjarna	21.06.16	LG
DSC-1277	MR		Borkjarni 4.3, nærmynd af móösku og kolum	21.06.16	LG
DSC-1278	MR		Borkjarni 4.4	21.06.16	LG
DSC-1279	MR		Borkjarni 4.5	21.06.16	LG
DSC-1280	MR		Borkjarni 4.6	22.06.16	LG
DSC-1281	MR		Borkjarni 4.6	22.06.16	LG
DSC-1282	MR		Borkjarni 4.7	22.06.16	LG
DSC-1283	MR		Borkjarni 5.1	22.06.16	LG
DSC-1284	MR		Borkjarni 5.2	22.06.16	LG
DSC-1285	MR		Borkjarni 5.2	22.06.16	LG
DSC-1286	MR		Borkjarni 5.3	22.06.16	LG
DSC-1287	MR		Borkjarni 5.3	22.06.16	LG
DSC-1288	MR		Borkjarni 5.4	22.06.16	LG
DSC-1289	MR		Borkjarni 5.4	22.06.16	LG
DSC-1290	MR		Borkjarni 5.5	22.06.16	LG
DSC-1291	MR		Borkjarni 5.6	22.06.16	LG
DSC-1292	MR		Borkjarni 5.7	22.06.16	LG
DSC-1293	MR		Borkjarni 6.1	22.06.16	LG
DSC-1294	MR		Borkjarni 6.2	22.06.16	LG
DSC-1295	MR		Borkjarni 6.3	22.06.16	LG
DSC-1296	MR		Borkjarni 6.4	22.06.16	LG
DSC-1297	MR		Borkjarni 6.5	22.06.16	LG
DSC-1298	MR		Borkjarni 6.6	22.06.16	LG
DSC-1299	MR		Borkjarni 6.7	22.06.16	LG
DSC-1300	MR		Borkjarni 6.7	22.06.16	LG
DSC-1301	MR		Borkjarni 7.1	22.06.16	LG
DSC-1302	MR		Borkjarni 7.2	22.06.16	LG
DSC-1303	MR		Borkjarni 7.3	22.06.16	LG
DSC-1304	MR		Borkjarni 7.4	22.06.16	LG

DSC-1305	MR		Borkjarni 7.5	22.06.16	LG
DSC-1306	MR		Borkjarni 7.6	22.06.16	LG
DSC-1307	MR		Borkjarni 8.1	22.06.16	LG
DSC-1308	MR		Borkjarni 8.1	22.06.16	LG
DSC-1309	MR		Borkjarni 8.2	22.06.16	LG
DSC-1310	MR		Borkjarni 8.4	22.06.16	LG
DSC-1311	MR		Borkjarni 8.6	22.06.16	LG
DSC-1312	MR	SV	MR túnið, yfirlitsmynd	22.06.16	LG
DSC-1313	MR	V	Horft yfir túnið til vesturs	22.06.16	LG
DSC-1314	MR	S	Horft yfir túnið til suðurs	22.06.16	LG
DSC-1315	MR		Borkjarni 9.1	22.06.16	LG
DSC-1316	MR		Borkjarni 9.2	22.06.16	LG
DSC-1317	MR		Borkjarni 9.2	22.06.16	LG
DSC-1318	MR		Borkjarni 9.3	22.06.16	LG
DSC-1319	MR		Borkjarni 9.4	22.06.16	LG
DSC-1320	MR		Borkjarni 9.5	22.06.16	LG
DSC-1321	MR		Áhugasamir krakkar frá Álftanesi sem aðstoðuðu aðeins við uppmælingar	22.06.16	LG
DSC-1322	MR		Borkjarni 9.6	22.06.16	LG
DSC-1323	MR		Borkjarni 10.1	22.06.16	LG
DSC-1324	MR		Borkjarni 10.1	22.06.16	LG
DSC-1325	MR		Borkjarni 10.2	22.06.16	LG
DSC-1326	MR		Borkjarni 10.3	22.06.16	LG
DSC-1327	MR		Borkjarni 10.6	22.06.16	LG
DSC-1328	MR		Borkjarni 11.2	22.06.16	LG
DSC-1329	MR		Borkjarni 12.1	22.06.16	LG
DSC-1330	MR		Borkjarni 12.1	22.06.16	LG
DSC-1331	MR		Borkjarni 12.2	22.06.16	LG
DSC-1332	MR		Borkjarni 12.2, torf	22.06.16	LG
DSC-1333	MR		Borkjarni 12.2, nærmynd af torfi	22.06.16	LG
DSC-1334	MR		Borkjarni 12.3	22.06.16	LG
DSC-1335	MR		Borkjarni 12.3, torf í kjarna	22.06.16	LG
DSC-1336	MR		Borkjarni 12.3, torf í kjarna	22.06.16	LG

DSC-1337	MR		Borkjarni 12.4	22.06.16	LG
DSC-1338	MR		Borkjarni 12.4	22.06.16	LG
DSC-1339	MR		Borkjarni 12.5	22.06.16	LG
DSC-1340	MR		Borkjarni 13.1	22.06.16	LG
DSC-1341	MR		Borkjarni 13.1, nærmynd af gjósku	22.06.16	LG
DSC-1342	MR		Borkjarni 13.1, botn	22.06.16	LG
DSC-1343	MR		Borkjarni 13.2, svört gjóska	22.06.16	LG
DSC-1344	MR		Borkjarni 13.3	22.06.16	LG
DSC-1345	MR		Borkjarni 13.4	22.06.16	LG
DSC-1346	MR		Borkjarni 13.5	22.06.16	LG
DSC-1347	MR		Borkjarni 14.1	22.06.16	LG
DSC-1348	MR		Bor og borhola	22.06.16	LG
DSC-1349	MR		Bor ásamt múrskeið	22.06.16	LG
DSC-1350	Bakarabrekka	N	Yfirlitsmynd af Bakarabrekkunni	22.06.16	LG
DSC-1351	MR	SV	MR túnið ásamt Lækjargötu 8, 10 og 12	22.06.16	LG
DSC-1352	Bakarabrekka	N	Bakarabrekkan	22.06.16	LG
DSC-1355	Mæðragarðurinn	S	Mæðragarðurinn, syðri hluti garðsins	22.06.16	LG
DSC-1356	Mæðragarðurinn	S	Mæðragarðurinn, nyðri hluti garðsins	22.06.16	LG
DSC-1393	Bakarabrekkan		Borkjarni 15.4	18.08.16	LG
DSC-1394	Bakarabrekkan		Borkjarni 15.4	18.08.16	LG
DSC-1395	Bakarabrekkan		Borkjarni 16.1	18.08.16	LG
DSC-1396	Bakarabrekkan		Borkjarni 16.1	18.08.16	LG
DSC-1397	Bakarabrekkan		Borkjarni 17.1	18.08.16	LG
DSC-1398	Bakarabrekkan		Borkjarni 16.5-1	18.08.16	LG
DSC-1399	Mæðragarðurinn		Borkjarni 18.1	18.08.16	LG
DSC-1400	Mæðragarðurinn		Borkjarni 18.2	18.08.16	LG
DSC-1401	Mæðragarðurinn		Borkjarni 18.3	18.08.16	LG
DSC-1402	Mæðragarðurinn		Borkjarni 18.7	18.08.16	LG
DSC-1403	Mæðragarðurinn		Borkjarni 18.7	18.08.16	LG
DSC-1404	Mæðragarðurinn		Borkjarni 18.8	18.08.16	LG
DSC-1405	Mæðragarðurinn		Borkjarni 18.8	18.08.16	LG



IMG_2583



IMG_2584



IMG_2585



IMG_2586



IMG_2587



DSC01219



DSC01220



DSC01221



DSC01222



DSC01223



DSC01224



DSC01225



DSC01226



DSC01227



DSC01228



DSC01229



DSC01230



DSC01231



DSC01232



DSC01233



DSC01234



DSC01235



DSC01236



DSC01237



DSC01238



DSC01239



DSC01240



DSC01241



DSC01242



DSC01243



DSC01244



DSC01245



DSC01246



DSC01247



DSC01248



DSC01249



DSC01250



DSC01251



DSC01252



DSC01253



DSC01254



DSC01255



DSC01256



DSC01257



DSC01258



DSC01259



DSC01260



DSC01261



DSC01262



DSC01263



DSC01264



DSC01265



DSC01266



DSC01267



DSC01268



DSC01269



DSC01270



DSC01271



DSC01272



DSC01273



DSC01274



DSC01275



DSC01276



DSC01277



DSC01278



DSC01279



DSC01280



DSC01281



DSC01282



DSC01283



DSC01284



DSC01285



DSC01286



DSC01287



DSC01288



DSC01289



DSC01290



DSC01291



DSC01292



DSC01293



DSC01294



DSC01295



DSC01296



DSC01297



DSC01298



DSC01299



DSC01300



DSC01301



DSC01302



DSC01303




DSC01304



DSC01305



DSC01306



DSC01307



DSC01308



DSC01309



DSC01310



DSC01311



DSC01312



DSC01313



DSC01314



DSC01315



DSC01316



DSC01317



DSC01318



DSC01319



DSC01320



DSC01321



DSC01322



DSC01323



DSC01324



DSC01325



DSC01326



DSC01327



DSC01328



DSC01329



DSC01330



DSC01331



DSC01332



DSC01333



DSC01334




DSC01335



DSC01336



DSC01337



DSC01338



DSC01339



DSC01340



DSC01341



DSC01342



DSC01343



DSC01344



DSC01345



DSC01346



DSC01347



DSC01348



DSC01349



DSC01350



DSC01351



DSC01352



DSC01353



DSC01354



DSC01355



DSC01393



DSC01394



DSC01395



DSC01396



DSC01397



DSC01398



DSC01399



DSC01400



DSC01401



DSC01402



DSC01403



DSC01404



DSC01405